

## Ísmús: Vögguvísur og barnagæluur. Tímaverkefni

Vinnið 2-3 saman í hóp. Farið á **ismus.is** og farið þessa leið: *Bragi, óðfræðivefur > Lausavísur* (<https://ismus.is/bragi/erindi/>). Veljið eina barnagælu eða vögguvísu. Þið getið leitað að tiltekinni vísu í leitarstikunni eða smellt á *tegund* og valið þar *barnagæluur*, *vögguljóð* eða *vögguvísur* og farið í gegnum úrvalið.

Smellið á vísuna. Skoðið textann og bragarháttinn. Skrunið svo niður og skoðið hljóðritin sem eru til. Hlustið á nokkur hljóðrit og svarið spurningunum.

1. Eru til margar upptökur af fólki að fara með vísuna? Hvað segir það um vísuna?
2. Er lag við vísuna? Syngja allir heimildarmenn sama lagið?
3. Fara heimildarmennirnir með sama texta eða er hann eitthvað öðruvísi á milli fólks? Hvað er öðruvísi? Getið þið ímyndað ykkur einhverja ástæðu fyrir því?
4. Er vísan enn sungin í dag? Þekkið þið hana? Er eitthvað sem er öðruvísi við hvernig vísan er sungin í dag og hvernig heimildarfólkið syngur hana, t.d. lagið eða textinn?
5. Skoðið aðeins heimildafólkið. Er það allt af svipaðri kynslóð? Gerir heimildafólkið grein fyrir því hvaðan þau heyrðu vísuna og lærðu hana?
6. Skoðið formið á vísunni. Gerið stuttlega grein fyrir bragarhættinum. Hvað heitir hann? Er hann tví-, þrí- eða ferkvæður? Hvernig er rímið?